

og að trygging sú, sem samkvæmt nefndri reglugjörð er fyrir því, að sparisjóðs-
deildirnar standi í skilum, rýrist eigi.

84
15. júlí.

Brjef stjórnarráðsins til biskupsins yfir Íslandi viðvíkjandi flutningi Otrardalskirkju til Bíldudals. Eptir tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefum, dagsettum 19. nóvbr. f. á. og 5. þ. m., hinu fyrra til landshöfðingja, og samkvæmt ósk meiri hluta hlutadeigandi safnaðar og tillögum hlutadeigandi prests og hjeradsfundar, vill stjórnarráðið hjermeð veita leyfi til þess að ný sóknarkirkja verði reist í verzlunarstaðnum Bíldudal, og að til hennar liggi til sóknar öll núverandi Otrardalssókn, að hin nýja kirkja sje í umsjón og ábyrgð safnaðarins, að Otrardalskirkja sje lögð niður, að Otrardalskirkja (húsið sjálf) áhöld hennar, skrautgripir og sjóður leggist til hinnar nýju kirkju í Bíldudal, en án annars álags og að söfnudurinn sjái um sæmilegt líkhús í Otrardal með nauðsynlegum áhöldum, og verði þar grafreitir framvegis einsog verið hefur.

85
18. júlí.

Erindisbrjef

fyrir

fiskimatsmenn á Ísafirði.

86
14. júlí.

1. gr.

Fiskimatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði saltfisks og sem leiknastir í að sortera hann.

2. gr.

Yfirmatsmaðurinn er yfirboðari þeirra og eru þeir aðstoðarmenn hans við fiskimat og umsjón með vigt og útskipun saltfisks og hleðslu hans í skipum þeim, sem hann er fluttur út á. Hann kveður þá til vinnunnar og skiptir henni á milli þeirra og segir þeim fyrir verkum.

Þeir skulu vera til taks þegar hann kallar þá til vinnu við fiskimat.

Ef þeir vilja fara burt úr kaupstaðnum um nokkuð langan tíma, skulu þeir gjöra honum aðvart um það fyrirfram.

3. gr.

Þeir eru skyldir að fara eptir fyrirskipunum hans og leitast við að gjöra honum til hæfis, þegar þeir vinna undir stjórn hans.

4. gr.

Fiskimatið skal fara svo fram, að tveir matsmenn skoði saman hvern fisk, svo tveir geti vottað um allan farminn.